



Reykjavík, 23. apríl 2024

MSS24040187

Íbúaráð Reykjavíkurborgar

## Aðkoma íbúaráða að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun 2024 - 2028

Nú er undirbúningur fjárhagsáætlunar 2025- 2029 hafin. Því er kallað eftir ábendingum og óskum um fjárfestingar- og viðhaldsverkefni á tímabilinu og ber að koma þeim áfram til Eignaskrifstofu samkvæmt reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg (FMS-STE-001). Frestur fyrir íbúaráð til að skila ábendingum er 31. maí nk.

Meðfylgjandi er núverandi 5 ára áætlun. Þar er gert ráð fyrir að svigrúm til fjárfestinga árið 2025 verði tæplega 25,3 milljarðar. Ekki er gert ráð fyrir að það svigrúm verði aukið þannig að ef ábending er um að bæta við verkefni þarf að koma ábending á mótum um hvað væri hægt að fella niður eða fresta í viðkomandi málaflokki.

Tillögur að fjárfestingarverkefnum/stærri viðhaldsverkefnum skal lista upp á meðfylgjandi yfirlitsskjali (eyðublað fyrir tillögugerð íbúaráða). Með hverri tillögu skal fylgja rökstuðningur á þörf hvers verkefnis og ef fyrir liggja hugmyndir um útfærslur. Gera skal jafnréttisskimun fyrir hvert verkefni sem óskað er að fari á fjárfestingaráætlun. Rétt er að benda á að nauðsynlegt er að meðfylgjandi eyðublöð séu nýtt til gagnaskila til að bæta vinnu og undirbúning fjárfestingaráætlunar.

Meðfylgjandi er eyðublað fyrir íbúaráð til innfyllingar tillagna (excelskjal), jafnréttisskimunareyðublað, yfirlit yfir verkefni á 5 ára fjárfestingaráætlun og yfirlit yfir viðhaldsverkefni í hverfum borgarinnar ásamt leiðbeiningum um gerð jafnréttisskimunar.

Virðingarfyllst,  
Anna Kristinsdóttir  
*Miðlæg stjórnarsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt:

Eyðublað fyrir tillögugerð íbúaráða (Excel skjal)

Fjárfestingaáætlun 2023-2027

Yfirlit yfir áætlaðar framkvæmdir í hverfunum

Áætlun um malbiksframkvæmdir

Eyðublað vegna jafnréttisskimunar

Leiðbeiningar fyrir íbúaráð vegna jafnréttisskimunar



Reykjavík